



Ágætu formenn

Bestu þakkir fyrir framkvæmdaráðs-fundinn í september. Það var gaman að hitta ykkur og ég hlakka til að vinna með ykkur í vetur. Núna eruð þið vafalaust að undirbúa vetrarstarfið og fyrstu fundir deildanna fara fram þessa dagana. Mikilvægt er að setja niður dagskrá fyrir veturinn þannig að konur viti hvenær fundir verða og hvað verður helsta umræðuefnið á þeim. Dagskrá funda er gott

að senda til vefstjóra svo hægt verði að búa til viðburðadagatal á heimasíðunni. Á heimasíðu samtakanna má finna nýja starfsáætlun stjórnar og nefndaskipan fyrir næstu tvö árin. Mig langar að þakka öllum þeim konum sem hafa tekið að sér nefndarstörf. Þær eiga eftir að móta starfið með stjórninni og taka þátt í að gera DKG að enn öflugra félagi og félagskonur að enn öflugri þátttakendum.

Styrkjum tengsl til framtíðar

Einkunnarorð núverandi stjórnar verða: Styrkjum tengsl til framtíðar. Við ætlum að leggja áherslu á að efla deildarstarfið og virkni kvenna í félagsstarfinu. Þátttaka okkar í deildarstarfinu skiptir öllu máli bæði fyrir einstaklinginn og félagið. Við ræddum það á framkvæmdafundinum hvað það er mikilvægt að fundirnir séu bæði fróðlegir og skemmtilegir. Höfum gaman saman.

Einnig kom fram á fundi okkar mikill vilji til samstarfs milli deilda og vonandi eruð þið byrjaðar að undirbúa það. Ég hvet ykkur til að fara í heimsóknir til annarra deilda eða taka að ykkur að halda fræðsluerindi í öðrum deildum. Skoðið ýmsa möguleika á samstarfi því þannig getum við styrkt tengsl til framtíðar .



Sigrún Klara Hannesdóttir hlaut í sumar Achievement

Award sem er æðsta viðurkenning DKG fyrir vel unnin störf í þágu félagsins. Sjá grein á heimasíðunni.

Alþjóðastarfið

Mig langar að minna ykkur á alþjóðastarfið. Einkunnarorð okkar eiga ekki bara við um starf DKG innanlands heldur stefnum við líka á aukin og sterkari tengsl við alþjóðasamtökin. Ég hvet ykkur til að fara reglulega inn á heimasíðu alþjóðasamtakanna. Gaman væri að sjá greinar eftir íslenskar konur í alþjóðlegu blöðunum Euforia og Bulletin. Einnig er gott að kynna glærur frá Sigrúnu Klöru sem eru á heimasíðunni þar sem farið er yfir styrkjakerfið. Þar eru margir möguleikar í boði. Næsta alþjóðafundur verður í Indianapolis næsta sumar og gaman væri að fjölmenna þangað.

Það verður fræðandi og gaman hjá okkur í deildastarfinu í vetur. Ég hlakka til að hitta ykkur allar.

Með kveðju

Guðbjörg

Munið handbókina á heimasíðunni dkg.muna.is

- Mikilvægt er að fara yfir félagatalið reglulega og senda allar breytingar til félaganefndar.
- Októberhefti Euforia er komið á heimasíðuna.
- Eygló Björnsdóttir er vefstjórinn okkar og best er að senda dagskrá funda í vetur og annað efni sem birta á á heimasíðunni beint til hennar .
- Félagsgjaldið er kr. 8000 sem greiða á til gjaldkera deilda fyrir 1.nóv. sem síðan gerir upp við landsambandið.
- Kynningarbæklingur er að fara í endurskoðun og verður síðan prentaður aftur þannig að þið getið afhent hann þegar þið fáið gesti.
- Minni ykkur á að gerast félagar á Facebook. Þetta er lokuð síða þar sem félagar geta skiptst á skoðunum. Því fleiri því skemmtilegra.
- Ef einhver kona er veik eða kemst ekki á fund má bjóða henni á deildarfund með SKYPE.
- Vorþingið verður 10.mái á Ísafirði. Takið daginn frá.